

VÍÐSJÁ

Rit Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi
15. árg. 1. tbl. 2023

Fjölskyldu
bannað að
fljúga

Spennandi
samstarfsverkefni
Blindrafélagsins,
NaviLens og
Strætó

Vil vera fyrirmynd fyrir annað ungt
og fatlað fólk

Unnur Þöll Benediktsdóttir í viðtali

Minningar í myndum



Með því að færa gömlu ljósmyndirnar yfir í stafrænt form er hægt að leyfa fleirum að njóta þeirra skemmtilegu minninga sem í þeim felast.

Nú er hægt að draga fram öll gömlu albúmin og fá myndirnar skannaðar inn fyrir hagstætt verð.

Hjá Blindravinnustofnunni, þar sem starfa 30 fatlaðir einstaklingar, hefur verið komið upp aðstöðu sem gerir sjónskertum starfsmönnum vinnustofunnar fært að skanna inn ljósmyndir.

Verð er mjög hagstætt, eða frá 28 krónum á mynd.

Ljósmyndaskönnun

Blindravinnustofan
Stuðningur til sjálfstæðis

AÐ UPPLIFA EÐA MISSA AF!

Ávarp formanns - Sigbór U. Hallfreðsson

Það sem af er vetri hefur aðkoma fatlaðs fólks að menningu og listum verið talsvert áberandi í þjóðfélagsræðunni. Það er vel, því svo sannarlega er umræðan þörf og góð áminning um að fjölbreytileikinn í mannlífsflórunni fái að njóta sín.

Vissulega eru margir fletir á þessu málefni en til einföldunar má horfa á það sem sitt hvora hliðina á sama teningi. Annars vegar er það aðkoma og þar með bein þátttaka fatlaðs fólks að listsköpun og hins vegar möguleikar þessa hóps til að njóta menningar- og listviðburða án hindrana.

Á mörgum sviðum listsköpunar hafa fatlaðir gert sig gildandi og má þar meðal annars nefna myndlist, tónlist og ritlist. Svo eru önnur svið þar sem þátttakan er minni og jafnvel engin og fleiri dyr lokaðar en opnar fötluðu fólki. Um það væri verðugt að fjalla nánar en hér er ætlunin að beina athyglinni að hinni hliðinni, það er að segja aðgenginu að hinu listræna efni, nánar til tekið möguleikum sjónskertra og blindra til að njóta sjónrænna menningar- og listviðburða.

Þá gæti einhver spurt: Hvernig á það eiginlega að vera hægt? Stuttu svarið við þeirri spurningu er einfaldlega að segja frá því sem fram fer. Bein lýsing í útvarpi af íþróttakappleik er gott dæmi um þetta – og hver hefur ekki upplifað það? Þetta kallast sjónlýsing og er aðferð til að færa sjónræna hluti og upplifun í orð og lýsa fyrir þeim sem ekki geta séð með eigin augum. Sjónlýsingu er hægt að nota við næstum allar tegundir viðburða: Íþróttaleiki, sjónvarpsefni, bíómyndir, leikrit, listsýningar og nánast hvað annað sem hægt er að láta sér detta í hug.

Sjónlýsingin gefur ítarlegri mynd af því sem er að gerast á skjánum, á leikvellinum eða leiksviðinu, án þess að trufla tal, tónlist eða hljóð sem er notað til að byggja upp til dæmis spennu. Góð sjónlýsing gefur áhorfandanum betri heildarmynd af því sem er að gerast og einnig upplýsingar um hvað hugsanlega er að gerast í bakgrunni, ef það er mikilvægt fyrir söguþráðinn. Sjónlýsing opnar þannig nýjan

heim fyrir áhorfendum sem á henni þurfa að halda.

En hvernig virka sjónlýsingarnar í miðlum dagsins í dag með orðum notanda?

„Allt sem ég horfi á í gegnum erlendar streymisveitur horfi ég á með enskri sjónlýsingu.“



Sjónlýsingin er alltaf á annarri hljóðrás og getur maður valið þessa rás eins og þegar skipt er um tungumál (ef efnið er til á mörgum tungumálum). Flestallt efni á streymisveitum sem eru opnar hér á Íslandi, eins og Disney+, Amazon Prime og Netflix, er með enskri sjónlýsingu. Síðan voru þáttaraðirnar Katla og Brot sýndar á Netflix með íslenski sjónlýsingu.

Í þessum orðum felast mikil sannindi. Erlendar streymisveitur nálgast sjónlýsingar sem sjálfsagða þjónustu við áhorfendur sína og setja jafnvel sjónlýsingu sem skilyrði fyrir þátttöku í framleiðslu efnis.

Hér á landi hafa sjónlýsingar nánast alfarið takmarkast við myndlistarsýningar og söfn, þekkjast varla í leikhúsi og alls ekki á sjónvarpsstöðvunum.

En fyrst erlendar streymisveitur geta skaffað íslenska sjónlýsingu á sitt efni hlýtur að vera hægt að gera þá kröfu að sams konar efni, sem er framleitt á Íslandi fyrir íslenska áhorfendur, og til sýningar á íslenskum miðlum, verði líka með sjónlýsingu. Jafnframt mætti gera þá kröfu að opinberir framleiðslustyrkir og endurgreiðsla framleiðslukostnaðar verði meðal annars háð því skilyrði að efninu sé skilað með vandaðri sjónlýsingu.

Innlendir miðlar þurfa einnig að opna á þessa möguleika fyrir sína áhorfendur. Einhvers staðar þarf að byrja og það væri gott skref.

SAMSTARF



NaviLens og Strætó boða spennandi samstarf bls. 4.

EKKI FLOGIÐ



Blind hjón fengu ekki að fljúga bls. 8.

MARKBOLTI



Kaisu, landsliðskona í íþróttinni bls. 12.

HUNDUR ÁRSINS



Gaur er þjónustuhundur ársins bls. 15.

SKYNNLEIKAR



Myndlistarsýning fyrir sjónskerta bls. 16.

UNNUR ÞÖLL



Vill vera fyrirmynd bls. 20.

SAMLOKAN



Samloka frá Túnis
bls. 27.

SKRÁPUR



Þarf Rósa María að vera með skráp?
bls. 28.

KREDITKORT



Fyrsta kreditkortíð með punktalettri
bls. 29.

HESTAFERÐ



Pórarinn Þórhallsson fer í hestaferð
bls. 30.

Víðsjá: Rit Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi. 15. árg. 1. tbl. 2023.

Útgefandi: Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi, kt.: 470169-2149, Hamrahlíð 17, 105 Reykjavík.

Ábyrgðarmaður: Sigþór U. Hallfreðsson.

Ritnefnd: Baldur Snær Sigurðsson, Eypór Kamban Þrastarson, Friðrik Steinn Friðriksson, Hlynur Þór Agnarsson, Kristinn Halldór Einarsson, Rósa Ragnarsdóttir og Sigþór U. Hallfreðsson.

Ritstjóri: Friðrik Steinn Friðriksson.

Greinahöfundar: Elsa Albertsdóttir, Eypór Kamban Þrastarson, Friðrik Steinn Friðriksson, Hlynur Þór Agnarsson, Karen Kjartansdóttir, Rósa María Hjörvar, Rósa Ragnarsdóttir, Sigþór U. Hallfreðsson, Þorkell J. Steindal og Pórarinn Þórhallsson.

Ljósmyndir: Ólöf Gyða Risten, Friðrik Steinn Friðriksson, Fritz Hendrik IV o.fl.

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja.





SPENNANDI SAMSTARFSVERKEFNI BLINDRAFÉLAGSINS, NAVILENS OG STRÆTÓ

Að taka Strætó er ferli sem flestum er vel kunnugt og oftast en ekki gengur það frekar fúlaust fyrir sig. Við komum okkur að næsta biðskýli, lítum e.t.v. á leiðatöfluna til að vera viss um að við séum með réttar upplýsingar í kollinum, sjáum hvenær vagninn okkar kemur og bíðum átekta. Við sjáum í fjarska strætisvagn nálgast en áttum okkur fljótlega á því að þetta er ekki okkar vagn, enda annað leiðanúmer framan á honum. Nokkrum mínútum síðar kemur okkar vagn og við stígum um borð,

borgum með Klappinu og fáum okkur sæti. Þegar við heyrum í tilkynningakerfinu að okkar biðstöð er næst ýtum við á rauða hnappinn og yfirgefum vagninn þegar hann hefur stöðvast. Við erum komin á áfangastað.

Breytum nú forsendunum og gefum okkur að við séum blind. Við förum e.t.v. á vefsíðu Strætó og skipuleggjum ferðina. Þegar við komum að biðstöðinni athugum við hvað klukkan er. Vagninn okkar á að koma eftir eina mínútu,




Þetta var mjög tæpt hjá okkur. Vonandi var hann ekki of snemma og er farinn framhjá. En nú kemur vagn og stoppar hjá okkur. Til að vera alveg viss spyrjum við bílstjórann hvaða leið þetta sé. Það er eins gott að við gerðum það, því þetta er ekki okkar vagn. Bílstjórinn segir að okkar vagn ætti að vera rétt ókominn. Við þökkum fyrir og förum aftur að skýlinu, frekar óörugg eftir þessa óþægilegu lífsreynslu. Ætli margir hafi verið að horfa og spá hvers vegna við förum ekki upp í vagninn? Nú kemur annar vagn og stöðvar. Við spyrjum bílstjórann hvaða leið þetta sé og þetta er réttur vagn. Núna er erfiðasti hjallinn yfirstaðinn og við erum á leið á áfangastað og getum hlustað eftir næstu biðstöð í hátalarakerfinu. Þökkum almættinu fyrir að við þurfum ekki að skipta um vagn á leiðinni.

En hvernig kemur þetta NaviLens við? Til að svara því skulum við fara stuttlega yfir hvað NaviLens er og hvernig það virkar.

NaviLens er spænskt fyrirtæki sem þróaði í samstarfi við háskólann í Alicante lausn sem byggir á svipaðri hugmyndafræði og QR-kóðarnir sem margir þekkja. NaviLens greindi hvernig sjáandi einstaklingar staðsetja sig í nýjum aðstæðum, þ.e. að skima yfir svæði og staðsetja það sem fyrir augun ber, og yfirfæra það á þann hátt að sjónskertir gætu gert slíkt hið sama. Blindir og sjónskertir gera þetta hins vegar með snjalltækjunum sínum. Sækja þarf NaviLens-smáforritið til að nota þessi merki en þessi lausn og forritið sjálft er og verður ávallt ókeypis fyrir notendur.

NaviLens-kóðar eru einföld merki sem prenta má á nánast hvaða yfirborð sem er. Notandinn notar myndavélina í símanum sínum sem lætur



hann vita þegar hún finnur NaviLens-merki. Í þessi merki er síðan búið að skrá upplýsingar í einföldu vefviðmóti NaviLens og síminn sýnir eða les þau eftir því hvernig notandinn vill fá skilaboðin. Einnig gefur forritið upp fjarlægð frá merkinu og hvort það sé beint áfram, til vinstri eða hægri, fyrir ofan eða neðan.

Með tilkomu NaviLens-kerfisins hjá Strætó verður blindum og sjónskertum gert hægara um vik að fá upplýsingar um staðsetningu biðstöðva og vagna og rauntímaupplýsingar um komur þeirra. Með því að festa NaviLens-kóða við biðstöðvar er hægt að skanna hann með símanum og fá samstundis upplýsingar um hvaða biðstöð þetta er og hvað er langt í næstu leiðir í rauntíma, seinkanir þar með taldar.

Þetta eru upplýsingar sem hafa hingað til verið blindum óaðgengilegar með öllu þegar á biðstöðina er komið. Einnig er möguleiki að setja NaviLens-kóða á vagnana sjálfa þannig að hægt sé að vita með vissu hvaða leið tiltekinn vagn keyrir og hvar hurðin á vagninum er.

Verkefnið er enn á byrjunarstigi og krefst innleiðingkerfisinstöluverðrarvinnu. NaviLens þarf að geta sótt rauntímaupplýsingar í kerfi Strætó, svipað og heimasíða og smáforrit þeirra gera. Einnig þarf að útfæra hvernig upplýsingunum er miðlað á sem einfaldastan



hátt úr NaviLens-kóðanum.

Stærð og staðsetning kóðanna gæti verið misjöfn, þar sem aðstæður eru misjafnar og engar tvær biðstöðvar eins. Markmiðið er að koma NaviLens-merkingum upp á biðstöðvum og vögnum á öllu landinu, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.

Blindrafélagið fagnar áhuga og vilja Strætó til að bæta aðgengi blindra og sjónskertra að almenningssamgöngum á Íslandi. Þessi innleiðing mun hins vegar nýtast öllum. Það er augljóslega einfaldara að skanna einn kóða frekar en að lesa sig í gegnum tímatöflu á

biðstöðvum. Fyrir fólk sem er ekki með íslensku sem sitt fyrsta tungumál, hvort sem það er búsett hérlandis eða erlendir ferðamenn, þýðir NaviLens allar upplýsingar samstundis á yfir 30 mismunandi tungumál. Það er því okkar von og hagar að þetta samstarf við Strætó gangi vel og gefi tóninn fyrir það sem koma skal, enda er það víst að lausn sem þessi gæti nýst mun víðar.

-Hlynur Þór Agnarsson



NÝIR ÍSLENSKIR TALGERVLAR

Nýir íslenskir talgervlar í boði í vörum Microsoft Spennandi hlutir hafa verið að gerast fyrir okkur Íslendinga upp á síðkastið. Íslenska máltækniáætlunin hefur nú orðið til þess að Microsoft hefur sett tvær nýjar íslenskar raddir inn í hluta af sínum vörum. Þetta eru raddirnar Guðrún og Gunnar.

Raddirnar eru í boði í öllum forritum Microsoft þar sem hægt er að nota upplestur á texta sem Microsoft nefnir Read Aloud. Þessi upplestur er m.a. í boði í Edge-vafranum, Word-ritvinnsluforritinu og tölvupóstforritinu Outlook. Eftir að upplestur hefur verið virkjaður er nóg að þrýsta á Alt, Ctrl og bilstöng

og þá byrjar upplestur frá þeim stað þar sem bendillinn er staðsettur. Þessi viðbót gæti hjálpað mörgum þeim sem eiga í erfiðleikum með að lesa og yfirfara texta á skjánum eða vilja einfaldlega hvíla augun á meðan verið er að fara í gegnum tölvupóst.

Raddirnar eru búnar til með gögnum sem hafa verið gerð aðgengileg fyrir tilstuðlan íslensku máltækniáætlunarinnar og eru mjög áheyrilegar. Þær eru þó ekki aðgengilegar fyrir skjálestrarforrit í Windows en von er til þess að svo verði í framtíðinni.

-Eypór Kamban Þrastarson





**Krílin hennar Línu
Rutar fást í verslun
Blindrafélagsins,
Hamrahlíð 17**



FJÖLSKYLDU BANNAÐ AÐ FLJÚGA

Í byrjun desember á síðasta ári lentu Eyþór Kamban Þrastarson og Emily Pylarinou, eiginkona hans, í þeirri erfiðu reynslu að þeim og dóttur þeirra, Ariönu, var meinaður aðgangur í flug frá Aþenu til Kaupmannahafnar. Flugmaðurinn tók sér það gerræðisvald að vísa þeim úr vélinni vegna þess að þau væru bæði blind að ferðast með lítið barn.

Þeim var síðan meinaður aðgangur að öðru flugi seinna í vikunni.

Eyþór og Emily búa í Aþenu, Grikklandi, og höfðu ákveðið að dvelja um hríð á Íslandi ásamt eins árs dóttur sinni. Þau áttu bókað flug 2. desember með flugfélaginu SAS frá Aþenu til Reykjavíkur með millilendingu í Kaupmannahöfn.

„Innritun gekk eitthvað furðulega þar sem

við stóðum við borðið í um hálf tíma en að lokum fór þetta allt í gegn. Við fórum gegnum öryggisleitina snurðulaust og komum að hliðinu. Aðrir farþegar fara að halda inn í vél og þá fara að renna á mig tvær grímur. Ættum við ekki að vera með forgang inn í vélina þar sem við erum með barn? Yfirleitt fá fjölskyldur með börn forgang þegar gengið er





inn í flugvélinu,“ segir Eyþór.

„Emily er síðan kölluð að borðinu og þar er henni réttur sími. Í símanum er henni tjáð að flugstjórinn neiti að taka okkur um borð vegna þess að við erum með lítið barn og hann telur það öryggisbrest að við séum að ferðast með smábarn sem við getum ekki tekið ábyrgð á. Við stöndum því þarna, fjölskyldan, við hliðið og fáum ekki að fljúga.

Þá fer ég að krefjast upplýsinga um þær reglur sem flugmaðurinn var að nýta sér. Það varð fátt um svör og flugvélin lagði af stað án okkar. Ég get jafnað að maður varð auðvitað hræddur og örvæntingarfullur. Við þurftum þá einfaldlega að fara aftur heim. Ég hringdi þó í Blindrafélagið þegar okkur var neitað um

inngöngu og fékk aðgengisfulltrúann Hlyn Þór Agnarsson til að hjálpa mér.“

Á skrifstofu Blindrafélagsins hófst þá vinna við að ná í þjónustuverið hjá SAS sem fyrsta skref. Það náðist loksins í manneskju. Öll samskipti við flugvöllinn og flugfélagið þurftu að hefjast á því að segja alla sólar söguna aftur og aftur. Blindrafélagið krafðist svara um hver bæri ábyrgð á þessu. Þá var ekki vitað að þetta væri ákvörðun flugmannsins. Fyrst var talað um þetta eins og gerð hefðu verið mistök og að þetta ætti ekki að geta gerst. Fjölskyldan gæti flogið daginn eftir án vandamála. Hins vegar fékk Eyþór símtal seinna um daginn og honum var tjáð að þau gætu flogið í vikunni á eftir. Það þyrfti að ákveða það samdægurs. Í símtalinu var sagt að ástæða neitunar væri



sú að áhöfnin hefði ekki verið upplýst um komu fjölskyldunnar og að þetta myndi ekki endurtaka sig.

Eypór hafði síðan samband við Icelandair til að sjá hvernig bókunin liti út hjá því þar sem Icelandair hefði tekið legginn frá Kaupmannahöfn til Keflavíkur. Í þeirri bókun kom fram að bókað hefði verið fyrir leiðsöguhund. Sem hvorugt notast við.

Á meðan á þessu stóð hafði Blindrafélagið náð að bóka þau daginn þar á eftir, sem sagt á sunnudeginum.

Fjölskyldan mætir síðan vopnuð tölvupósti frá SAS sem segir að það sé vitað að þau séu að ferðast án aðstoðarmanneskju og séu ekki heldur með nein dýr. Hins vegar voru þau stöðvuð við innritunarborðið. Starfsfólkið þar var með fyrirmæli um að þau mættu ekki ferðast án aðstoðarmanneskju. Þá var

farið í að leita að aðstoðarmanneskju sem gæti flogið með þeim til Íslands. Það tókst með hjálp ræðismanns Íslands í Grikklandi. Hann hafði uppi á konu sem var að fara sömu leið föstudaginn á eftir. Það var þó ekki einfalt mál að fá þá miða bókaða heldur þurftu bæði utanríkisráðuneytið og íslenski ræðismaðurinn að leggja hönd á plóg til að það gengi eftir. Ástæðan fyrir þeim vandræðum var sú að fjölskyldan var sögð ekki hafa mætt þegar þau voru stöðvuð við innritunarborðið. Starfsfólkið þar lét einfaldlega ekki SAS vita að þau hefðu mætt.

Þetta voru mikil átök, bæði andlega og líkamlega lýjandi. Eypór lýsir því að hann hafi einfaldlega verið búinn á því.

„Það er þá erfitt til þess að hugsa að í framtíðinni geti flugfélag neitað einstaklingi vegna fötlunar að fljúga.“ Þetta er atvik sem á sér fáar hliðstæður. Eypór hefur spurst fyrir

á síðum blindra og sjónskertra erlendis og það virðist enginn annar hafa lent í öðru eins.

Það er algengt að blindir og sjónskertir lendi í minni háttar málum þegar þau ferðast ein en það er þó sjaldan meira en spurningar eins og „Þú ert nú varla að ferðast einn?“ en það fólk hefur aldrei lent í alvöru veseni.

Eypór og Emily hafa samt flogið ein með Ariönu með flugfélaginu Aegean. Það flugfélag er þó með þá skilmála á sinni heimasíðu að fatlaðir einstaklingar geti ekki flogið einir með smábarn. Þegar þau ætluðu að kaupa miða hjá þessu flugfélagi var einfaldlega ekki hægt að bóka miðann vegna þess að það var hakað í sérstök box. Eftir á að hyggja finnst Eypóri þetta nánast kurteisi og virðing – sem það er auðvitað ekki – miðað við það sem SAS bauð upp á. Þau náðu hins vegar að breyta þeim skilmálum hjá Aegean í gegnum hagsmunasamtök í Grikklandi og þessir skilmálar heyra sögunni til, í það minnsta hvað varðar blinda og sjónskerta.

„Ég held að enginn viti hvernig hann muni bregðast við neyðarástandi í flugvél fyrr en reynir á. Flugferðir eiga að vera það öruggar að hægt sé að senda fimm ára gömul börn ein í flug. Foreldrar geta sent börnin sín ein og flugfélagið sér um að aðstoða barnið í flugferðinni. Mér finnst skrítið að mér sé ekki treystandi til að setja súrefnisgrímu á eins árs barnið mitt sem er í fanginu á okkur. Flugfélagið treystir sér þó til að taka ábyrgð á að einhver geri það fyrir fimm ára gamalt barn.

Flugmaðurinn getur einfaldlega neitað okkur um að fara um borð í flugvélin. Það er skiljanlegt að einhverju leyti að hann hafi það vald. Þetta vald þarf líklega að vera einhvers staðar. Þetta er samt ægivald sem virðist ekki þurfa að styðjast við neinar reglur. Ég tel að það hafi verið ástæðan fyrir því að flugfélagið virtist ekki geta gert neitt í þessu á föstudeginum, þegar við áttum að fara. Flugstjórinn var einfaldlega búinn að taka þessa ákvörðun og hann fer með valdið á þeim tímapunkti.

Við erum ákaflega þakklát þeirri konu sem fór með okkur til Íslands en að sama skapi erum við óánægð með að hafa þurft að beygja okkur undir þessar kröfur. Við erum enn fremur ótrúlega þakklát Blindrafélaginu sem hjálpaði okkur mjög mikið í öllu þessu ferli.“

Nýjustu vendingar í málinu eru þær að SAS hefur svarað bréfi frá Eypóri. Í bréfinu játa þau mistök og gangast við þeim kröfum um bætur sem gerðar voru.

Eypór vill sjá að þau setji upp texta á heimasíðu sinni varðandi stefnu sína í þessum málum svo aðrir þurfi ekki að upplifa í framtíðinni það sama og þau gerðu. Hann vill enn fremur gera tilraun til þess að vekja athygli á þessu máli á hærri stigum til að koma í veg fyrir að flugfélög geti tekið sér þetta vald. „SAS er bara eitt flugfélag og við höfum séð að þetta gæti gerst hjá fleirum.“



Kaisu

KAISU OG MARKBOLTI

Markbolti hefur verið spilaður stopult á Íslandi í tugi ára en núna á að spýta í lófana og koma saman liði sem getur keppt fyrir Íslands hönd.

Það er Kaisu Kukka-Maaria Hynninen, oftast kölluð Kaisu sem leiðir sóknina, finnsk landsliðskona í íþróttinni.

„Ég byrjaði að æfa markbolta þegar ég var 18 ára. Ég hafði haft áhuga á að byrja að æfa markbolta en það var ekki í boði í Tampere í Finnlandi, borginni sem ég ólst upp í. Ég spurði hvort ég gæti farið í ungmennaíþróttabúðir sem Íþróttasamband fatlaðra stóð fyrir. Það var einungis fyrir 18 ára og yngri og ég var í raun orðin of gömul fyrir það. Ég lofaði að ég myndi haga mér alveg sérstaklega vel ef ég fengi að fara með. Ég fékk leyfi til þess. Smátt og smátt byrjaði ég að æfa meira og meira.

Í Finnlandi er spilað í tveimur deildum og það eru ef til vill 60–70 manns að keppa á hverjum tíma. Deildunum er skipt eftir gæðum og getu. Þau sem eru lengra komin og eru að spila með landsliðinu spila í efri deildinni. Það er fólk sem kastar mjög fast. Byrjendur eru þá í neðri

deildinni. Það eru þrír einstaklingar á vellinum í einu en það geta verið sex einstaklingar í liði hverju sinni. Á æfingum eru ekki sex manns í hverju liði og þá nægir að það séu þrír í hvoru liði. Í alþjóðlegum keppnum eru oftast sex í liði.

Ég komst inn í landsliðið 2009 svo ég er búin að vera í næstum 14 ár í landsliðinu þó að það hafi verið stopult. Ég dró mig úr hópnum 2019 og ætlaði mér ekkert að snúa aftur en síðasta haust fékk ég svo skemmtilegt boð um að koma til baka. Ég hugsaði með mér: Af hverju ekki? Staðan í Finnlandi er mjög flott, við erum með átta manneskjur sem koma til greina í landsliðið svo það er samkeppni um stöðurnar. Fólk þarf að æfa vel og standa sig.

Mig dreymir um að Ísland keppi í Malmö Open





sem er mót þar sem keppt er í 12 íþróttagreinum fatlaðra, meðal annars markbolta. Það er líka keppt í markbolta á Ólympíuleikum fatlaðra. Ég keppti á þeim í London 2012. Það var virkilega mikil upplifun en hún kemur aftan að manni. Þetta var ekkert rosalega merkilegt meðan á þessu stóð en þegar ég lít til baka finn ég hvað þetta var stórt.

Ég hef upplifað eitthvað sem ekki allir hafa tækifæri á að upplifa. Það var eitt atvik sem yljur mér enn um hjartarætur. Ég gaf þriggja ára stúlku barmnælu með finnska fánanum. Ég fékk svo skilaboð frá föður hennar fyrir nokkrum árum þar sem hann segir að stúlkan sé að æfa sund og vilji verða íþróttakona, alveg eins og ég, þegar hún verður stór. Hún er líka búin að ná ágætis árangri í sundinu. Ég hugsa mjög hlýlega til þessa atviks. Ég var áhrifavaldur fyrir einhvern með því að gefa pínulítinn finnskan fána.

Við fengum mjög góðan tíma í flottum sal ÍFR

(Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík). Í Finnlandi var það ætíð höfuðverkur að finna stað og tíma. Mér finnst það gera svo mikið fyrir okkur að við fáum þennan sal til að æfa íþrótt sem er sérstaklega gerð fyrir okkur.

Sumum finnst óþægilegt að spila með bundið fyrir augun. Fólk sem hefur litla sjón reiðir sig oft á tíðum mjög mikið á hana svo þegar hún er alveg tekin getur þetta verið ógnvekjandi. Maður verður að reiða sig á snertingu og hljóð. Þetta er þó bara æfing. Ég upplifði allt þetta fyrst þegar ég var að byrja en núna finnst mér þetta afslappandi. Ég hætti að hugsa um að ég þurfi að sjá, ég get leyft mér að hlusta eingöngu og finna. Maður þarf að læra að sleppa sjóninni. Einbeita sér að því að boltinn fari ekki fram hjá manni.

Í finnska landsliðinu er núna byrjað að taka upp sératriði(köst og vörslur) í slow motion. Síðan eru upptökur skoðaðar og farið yfir hvernig fólk er að kasta og verjast, spáð í





Halldór Sævar Guðbergsson á æfingu

hvað megi betur fara. Það er þannig komin mjög mikil fagmennska í íþróttina. Það snýst ekki um að þjálfararnir kalli leiðbeiningar inn á völinn eins og gert er í blindrafótbolta. Sá sem er áttavilltur getur beðið liðsfélaga sína um að hjálpa sér að staðsetja sig. Það gerist hins vegar sjaldan. Þjálfarinn gefur hins vegar leiðbeiningar í leikhléum og eftir mörk.

Það er komin mjög mikil fagmennska í finnska kvennalandsliðið. Núna sendir þjálfarinn mér leiðbeiningar um hvaða æfingar ég eigi að gera í vikunni, æfingaáætlun sem er gerð sérstaklega fyrir mig. Svo þarf ég að halda dagbók um æfingarnar, til dæmis ef eitthvað gekk ekki alveg nógu vel hjá mér. Þjálfarinn bregst sérstaklega við því svo þetta er samtal milli mín og þjálfarans.

Næsta stórmót sem við stefnum á er World Games sem haldið er í Birmingham. Það er stærsta mótið þar sem sjónskertir og blindir koma saman. Það verða líklega um 1.700 keppendur frá 70 löndum sem munu keppa í 13 íþróttum. Mótið fer fram 18.–27. ágúst næstkomandi.

Svo stefnum við á að komast á Ólympíuleika fatlaðra sem verða haldnir í París 2024. Til að komast þangað inn þarf að gera vel á Evrópumeistaramótinu í haust. Reyndar er hægt að komast þangað inn eftir öðrum krókaleiðum en Evrópumeistaramótið liggur beinast við. Núna tökum við æfingarnar alvarlega og vonumst til að geta teft fram landsliði í næstu keppnum. Það er í það minnsta minn draumur. Það er margt fram undan í markboltanum.“

-FSF

HUNDUR ÁRSINS 2022

Á árinu sem var að líða fékk leiðsöguhundurinn Gaur verðlaun fyrir störf sín og var þjónustuhundur ársins 2022. Ég ályktaði að það hlyti að vera vegna þess að ég sé svo erfiður blindur maður og því mikið afrek af Gaurs hálfu að passa upp á mig. Ég var fullvissadur af forsvarsmönnum Hundaræktarfélags Íslands, sem veitir verðlaunin, að svo væri ekki.

Einhver sem er með glögggt auga tilnefndi blessað dýrið og klausan sem um hann var skrifuð varð til þess að blessaður karlinn hlaut þessa viðurkenningu.

Þessi verðlaun hafa verið veitt í rúmlega áratug og eru það hinir ýmsu vinnuhundar sem koma til greina, svo sem lögregluhundar sem finna fíkniefni og sprengjur, leitarhundar sem finna týnt fólk, hjálparhundar sem aðstoða fólk með fatlanir og svo leiðsöguhundarnir okkar.

En Gaur er ekki fyrsti leiðsöguhundurinn til að fá slíka viðurkenningu. Árið 2013 fékk hundurinn Exo sömu verðlaun og var hann fyrstur leiðsöguhunda til þess.

Gaur var að sjálfsögðu til mikillar fyrirmyndar þegar verðlaunin voru afhent og algerlega starfsstétt sinni til sóma.


Ég hló innra með mér þegar mér, ekki Gaur, voru afhent verðlaun sem voru blómvöndur, sem ég ekki sé og Gaur getur ekki borðað, og svo virðulegur platti sem á að fara upp á vegg, sem ég ekki sé og Gaur vildi ekki naga.

Málinu var reddað á leiðinni heim þar sem Gaur fékk stærsta beinið sem til var hjá gæludýr.is.



Hann var sáttur við það og ég gleðst yfir því að fá staðfestingu á því sem ég tel mig nú vita, að Gaur sé svo sannarlega besti kallinn, allavega árið 2022.

Porkell J. Steindal og Gaurlagur Guðvarður
Porkelsson Steindal



SKYNLEIKAR

Í síðustu Víðsjá fjölluðum við um sýninguna Skynleika sem opnaði á degi Hvíta stafsins þann 15. október síðastliðinn. Hún er í grunninn myndlistarsýning sem leggur áherslu á önnur skilningarvit en sjónina.

Sýningin Skynleikar sem var unnin í samvinnu við Blindrafélagið var staðsett á Hafnartorgi. Þetta var samsýning þar sem 17 listamenn tóku þátt, þau Birgir Andrésson, Björk Viggósdóttir, Fischersund: Ingibjörg, Lilja & Sigurrós Birgisdætur, Hólmfríður Guðmundsdóttir, Hugleikur Dagsson, Hulda Hákon, Jón Óskar, Kristín Morthens, Lilý Erla Adamsdóttir, Lína Rut Wilberg, Sunneva Ása Weissshappel, Tolli & Nonni, Þorvaldur Jónsson og Þórdís Erla Zoëga.

Sýningarstjórar voru þær Ásdís Þula Þorláksdóttir og Björk Hrafnisdóttir.

Hugmyndin kviknaði hjá Ásdísi þegar hún var að setja upp málverkasýningu í galleríinu sínu, Þulu við Hjartagarðinn. Henni varð hugsað til blindra og sjónskertra og hvað

það hlyti að vera að leiðinlegt að koma á myndlistarsýningu þar sem sjónræn miðlun er allsráðandi, að það væri ekki hægt að upplifa listaverkin vegna sjónskerðingar. Af hverju ætti fólk einfaldlega að mæta? Vera alltaf að heyra um þessa og þessa myndlistarmenn en geta ekki tengt nöfn við verk. Hana langaði að skoða möguleikann á að setja upp sýningu með íslenskri samtímalist sem einblínir á aðra skynjun en sjónina. Hún hafði síðan samband við Blindrafélagið til að athuga með áhuga fyrir samstarfi.

„Ég hugsaði strax að það væri ógjörningur fyrir mig að vinna þessa sýningu án þess að vera í góðu sambandi við Blindrafélagið, enda er ég með fulla sjón og get ómögulega sett mig í þau spor sem blindir og sjónskertir eru



í og þær hindranir sem þau þurfa að takast á við í daglegu lífi, hvað þá þegar kemur að myndlistarsýningum.“

Sýningin átti að opna á degi Hvíta stafsins 2021 en vegna Covid og þess hvernig sýningin átti að snúast að einhverju leyti um snertingu var talið heppilegast að fresta sýningunni um ár sem var á endanum lán í óláni þar sem Björk Hrafnadóttir gekk til liðs við verkefnið árið 2022. Fram að því hafði Ásdís verið ein að vinna að sýningunni.

„Það var mikil áskorun að setja upp svona stóra samsýningu með 17 listamönnum og reyna að setja sig í spor blindra eða sjónskertra sem gestir á sýningunni,“ segir Björk. „Ég tengdi myndlist alltaf mest við sjónræna upplifun. En það hefur verið áhugavert að reyna að brjóta niður stigveldi skynjunar svo að sjónskert og blint fólk nái að upplifa listaverkin á fullnægjandi hátt og auka aðgengi að list.“

Sýningunni er ætlað að gera list sem við upplifum í gegnum önnur skynfæri en sjónina sérstaklega hátt undir höfði. Það mátti t.d. koma við málverkin og finna ilma.

Málverk, höggmyndir, ilmverk og hljóðsturtur valda því að öll skynfæri eru virkjuð á sýningunni. Það gekk furðu vel að fá listamennina til að leyfa snertinguna. Ég held enn fremur að listamennirnir séu í raun alltaf að snerta sín verk svo þau voru í raun að leyfa okkur hinum að deila þeirri upplifun.

Við sum verkin eru stækkunargler þar sem hægt er að skoða verkin betur. Við áttuðum okkur fljótt á því að stór hluti þess fólks sem við vorum að reyna að höfða sérstaklega til er ekki alblindur. Þetta er fólk með sjónskerðingu eða er litblint. Við vildum því einbeita okkur að þeim sem geta notað sjónina að einhverju leyti en þurfa betra verkfæri til að rýna í verkin. Svo komu ýmsar leiðbeiningar frá Blindrafélaginu eins og að hafa merkingarnar



stórar og í augnhæð. Það getur líka verið erfitt fyrir fólk með enga sjónskerðingu að beygja sig og lesa smáan texta á myndlistarsýningu.“

Samstarf við Blindrafélagið

Ásdís segir að hún sé ekki sjálf blind og að enginn í hennar nánasta umhverfi sé með sjónskerðingu. Hún vildi gera þetta eins rétt og hugsast gæti og vildi ekki vaða áfram án þess að þekkja nógu vel til. Hún hafði því snemma samband við Blindrafélagið sem var svo sannarlega til í að taka þátt.

„Þetta hefur verið kærkomið samtal við Blindrafélagið sem hefur verið mjög mikilvægt. Þau hafa verið viskubrunnur sem hægt var að leita til um ýmsa hluti sem maður gerir sér ekki grein fyrir sjálf, eins og með hönnun á sýningarskránni sem Olga Elliot gerði. Hún hóf rannsóknarvinnu og komst að því að gulur og blár væru þeir litir sem flestir sjá eins, hvort sem þeir eru litblindir eða sjónskertir. Leturgerðin í sýningarskránni var síðan stór

og textinn stuttur svo flestir ættu auðveldara með að lesa.

Við litum til þeirra listamanna sem væru líklegir til að falla að þeim þælingum að sýningin ætti að einblína á eitthvað annað en það sjónræna og svo á hinn bóginn til þeirra listamanna sem eru ekki þekktir fyrir að vinna með aðra skynjun en sjónina.

Það væri t.d. hægt að segja að Tolli væri hvað þekktastur fyrir málverk en hann var einmitt mjög spenntur fyrir að hafa „ekki málverk“ sem gerði þetta svo spennandi. Hann gerði hraunverk sem er mjög áhugavert að snerta. Eins er með verkin hennar Sunnevu Weissappel. Hún vissi að það væri ákveðinn flötur á hennar verkum sem nánast kallaði á snertingu. Hún vannur mikið með blúndur, efni og hrosshár sem eru efni sem mann langar að þreifa á. Þorvaldur Jónsson og Þórdís Erla Zoëga gerðu svo sérstaklega verk fyrir sjálfa sýninguna til þess að það væri hægt að snerta,



Verk Hólmfríðar

rýna og upplifa öðruvísi en þeirra verk annars. Þetta er í raun blanda af fólki sem við vissum að væri með skemmtileg efnisleg verk.“

„Þegar maður hugsar um list og sjónskerðingu á Íslandi leitar hugurinn nánast strax til Birgis Andréssonar heitins,“ segir Ásdís. „Hann ólst upp með blindum foreldrum sem hafði mikil áhrif á hans listsköpun. Hulda Hákon og Jón Óskar höfðu samband og sögðust vera með verk eftir Birgi sem hafði aldrei verið sýnt. Það er ekki hægt að segja nei við þannig boði. Þetta er lýsing á Jóni Óskari. Jón Óskar les síðan upp lýsinguna á sér og hljóðverkið er sýnt við hliðina á skúlptúr eftir Jón Óskar.“

Hólmfríður Guðmundsdóttir sem er litblind og sjónskert fjallar sérstaklega um sína skynjun á litum og hvernig hennar upplifun á heiminum er öðruvísi en flestra. „Við fengum ábendingu frá Blindrafélaginu um hana og þá mundi ég eftir að hafa séð verkin hennar á útskriftarsýningunni hennar,“ segir Björk. Hún er yngsti listamaðurinn á sýningunni og líklegast sá listamaður sem hefur einbeitt sér

hvað mest að þessu sjónarhorni.

Hólmfríður gerði köngul þar sem henni er oft bent á ýmsa hluti í náttúrunni sem hún sér ekki. Það er eitthvað við náttúruna sem verður mjög móðukennt, litirnir og lífrænu formin blandast saman. Hún getur ekki upplifað náttúruna á sama hátt og fólk með heilbrigða sjón gerir. Þess vegna tók hún hlut úr náttúrunni, stækkaði hann og breytti honum í gulan. Það er litur sem litblindir geta séð. Hún gerir í raun náttúruna aðgengilega. Hólmfríður er þannig persóna að hún lætur ekki sjónskerðinguna stöðva sig, hún breytir bara miðlinum, notar annað efni og aðra skynjun til þess að skapa.

Ferlið hefur að öllum líkindum breytt okkar sýn á það hvernig myndlistarsýningar geta verið, hvernig aðgengi fólks að myndlist er öðruvísi. Það hefur kennt okkur að hugsa til breiðari hóps. Það þarf ekki að breyta miklu til að fá þennan hóp inn.“



Myndir: Ólöf Guða Risten

VIL VERA FYRIRMYND FYRIR ANNAÐ UNGT OG FATLAÐ FÓLK

„Ég vil sýna fordæmi og vera fyrirmynd fyrir annað ungt, fatlað fólk um að það getur gert hvað sem því dettur í hug og það langar til. Fatlað fólk getur líka náð langt í lífinu og náð fram breytingum,“ segir Unnur Þöll Benediktsdóttir af sannfæringu enda er hún lifandi dæmi um réttmæti þessarar fullyrðingar.

Hún er 27 ára gömul og hefur brennandi áhuga fyrir velferðarmálum, má þar nefna málefni hinsegin fólks, geðheilbrigðismál og málefni eldra fólks en málefni ungs fatlaðs fólks eru henni kærust því að sjálf er Unnur dauðblind, það er að segja lögbblind og heyrnarskert. Sú fötlun sést þó alls ekki utan á henni enda áttaði sú sem hér skrifar sig ekki á því að unga blinda konan sem hún var að bíða eftir væri mætt þegar Unnur mætti inn á kaffihúsið, geislandi af öryggi og röggsemi.

Unnur segist eiga erfitt með að nota hjálpartæki á borð við hvítan staf eða þykk gleraugu sem aðgreina hana frá öðrum, ef til vill skrifist það á eigin fordóma en að sama skapi sé henni illa við að setja sig í þá stöðu að annað fólk skilgreini hana út frá fötlun hennar við fyrstu kynni. „Mér finnst fötlun mín ekki eitthvert „small talk“ og er varkár við að deila þessum upplýsingum,“ segir Unnur og bætir við í gamansömum tóni að oft hafi þetta orðið til þess að fólk telji hana hrokafulla og einræna





Því hún heilsar því ekki á förnum vegi enda sjái hún reyndar svo illa að hún hafi hafi lent í því að þekkja ekki yngsta bróður sinn sem er sjáandi þegar hún mætti honum á Þjóðhátíð.

Fyrsti blindi formaður ungliðahreyfingar stjórnmalaflokks

Unnur Þöll kemur frá Hvolsvelli í Rangárvallasýslu, útskrifaðist sem stúdent frá Menntaskólanum að Laugarvatni, býr í dag í Reykjavík þar sem hún stundar meistaranám í öldrunarfræði en fyrir er hún með B.Sc.-gráðu í sálfræði. Hún er mjög virk í félagsstarfi, er meðal annars formaður Sambands ungra Framsóknarmanna, og er það líkast til í fyrsta sinn sem fatlaður einstaklingur gegnir embætti formanns í ungliðahreyfingu stjórnmalaflokks. Þá er hún varaborgarfulltrúi Framsóknar í Reykjavík. Þá má nefna að hún var

kosningastjóri B-listans í Reykjavík í síðustu sveitarstjórnarkosningum þar sem Framsókn vann stóran sigur. Samhliða námi hefur Unnur unnið í félagslegu frumkvöðulsstarfi þar sem hún er, ásamt kollegum sínum, að skapa úrræði fyrir eldra fólk. „Ég var komin langleiðina með að stofna mitt eigið fyrirtæki í velferðartækni sem átti að stuðla að vellíðan fyrir eldra fólk og sem forvörn gegn félagslegri einangrun og heilabilunarsjúkdómum. Ég kann alltaf best við mig í umönnunarstarfi eða velferðargeiranum framar öllu.“

Einelti og útilokun í grunnskóla

En líklega er best að byrja á byrjuninni til að draga upp mynd af þessari fjölbæfu og ungu konu sem skarar svo sannarlega fram úr í flestum málum þótt hún vilji síður skera sig úr fjöldanum. Það uppgötvaðist að ég væri





lögblind þegar ég var 18 mánaða,“ segir hún og útskýrir að blindan sé tilkomin vegna hrörnunarnærsýni sem hún og annar bróðir hennar þjást af. „Foreldrar mínir voru mjög ung þegar þau stóðu frammi fyrir þessu krefjandi verkefni og ákváðu að flytja á Hvolsvöll til að hafa okkur í minna og öruggara samfélagi. Það var samt ekki auðvelt að vera fatlað barn í grunnskóla,“ segir Unnur og lýsir því að hún hafi lent í einelti vegna fötlunar sinnar og sé enn að glíma við afleiðingar útlökunar sem hún varð fyrir. „Ég losaði mig því fljótlega við það sem helst aðgreindi mig frá öðrum börnum, það er að segja gleraugun,“ segir hún en frá 14 ára aldri hefur hún notað linsur. „Ég fór svo í heimavist í Menntaskólanum að Laugarvatni og gat kynnst fólki á mínum eigin forsendum og var mjög virk í félagslífinu. Ég eignaðist svo vinkonu sem kynnti mig fyrir pólitík og úr varð að ég fór að sækja fundi og valið varð Framsókn.“ Unnur segir að á fyrstu fundunum hafi hún ekki haft sig mikið í frammi heldur

lagt sig fram um að hlusta og læra. Í flokknum hafi hún fundið mikinn stuðning og tækifæri og því hafi hún viljað láta til sín taka enda hefur hún gegnt formennsku í ungliðastarfi flokksins tvö kjörtímabil, auk þess sem hún er varaborgarfulltrúi Framsóknar í Reykjavík og situr fyrir hönd flokksins í öldungaráði borgarinnar en það er borgarstjórn, nefndum og ráðum borgarinnar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni borgarbúa sem eru 67 ára og eldri, auk þess að vera formaður í aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks. Auk þessa sækir hún þingflokksfundi tvisvar í viku.

Skarar fram úr en vill ekki skera sig úr fjöldanum

En aftur að námsárunum. Eftir menntaskólanám flutti Unnur til Aarhus í Danmörku og var þar í íþróttalýðháskóla í hálft ár. „Það er eitthvað sem ég mæli með fyrir alla! Þetta er mjög skemmtilegur tími.

Þarna fær maður tækifæri til að þroskast og kynnast sjálfum sér, svo ég tali nú ekki um allt hitt fólkið sem maður kynnist sem og annarri menningu en við erum vön hérna heima. Haustið 2017 fór ég svo beint í B.Sc. í sálfræði við HR. Það var frábær þjónusta í skólanum og kennararnir og starfsfólk var mjög opið fyrir að aðstoða mig eins og ég þurfti þegar kom að lengri próftíma og notkun símans í tíma til að sjá á töfluna. Ég fékk að vera með tölvu í öllum prófum þar sem ég get ekki tekið próf á pappír og var að auki með allar námsbækur og glósur í tölvunni - sem ég þurfti að nota í gagnaprófum. Árið 2020 kláraði ég grunnnámið. Ég man eftir því hvað það skipti mig miklu máli á þeim tíma að klára námið á „tilsettum“ tíma eða þremur árum,“ segir Unnur en henni var boðið að hægja á náminu. „Ég tók því svo illa, tók því sem móðgun, ætlaði sko að sýna þeim að ég gæti alveg klárað þetta á sama tíma og aðrir. Í dag er ég búin að jafna mig á þeim óraunhæfu kröfum, enda alls konar fólk sem klárar námið sitt á lengri tíma út af alls konar ástæðum. En þetta var einhver rót að toga í mig þarna, ég vildi ekki skera mig úr hópnum, fá meiri athygli en aðrir.“

Ungmennni í öldrunarfræði

Haustið 2020 fór hún í framhaldsnám í M.Sc. í öldrunarfræði við HÍ. Hún segir það hafa verið krefjandi enda heimsfaraldur covid nýskollinn á og nær öll kennsla í fjarnámi. „Ég fékk ekki mikið tækifæri til að kynnast samnemendum mínum þá, þar að auki var ég yngst í náminu, við vorum tvær 23 ára, restin var nær 50 ára.“ Í þetta sinn hefur hún þó gefið sér lengri tíma í námið en áður. „Vegna pólitíkurinnar hef ég ekki náð að stunda það í heilt ár þar sem ég fór í tvö framboð, var kosningastjóri í seinni baráttunni og á fullu sem formaður ungra



Framsóknarmanna líka.“

Unnur segir að í framtíðinni ætli hún að sækja um diplómanám í heilabilunarráðgjöf við Háskólann á Akureyri. „Og draumastarfið mitt væri svo að vera heilabilunarráðgjafi hjá sveitarfélagi eða hjúkrunarheimili þar sem ég gæti ráðlagt einstaklingum með heilabilun, aðstandendum þeirra og stofnunum um öldrunarsjúkdóma, hvernig á að takast á við þá og lifa með þeim.“

Vill rjúfa félagslega einangrun aldraðra

En hvað veldur því að jafn ung kona hefur áhuga á öldrunarmálum? „Á Hvolsvelli vann ég á hjúkrunarheimilinu Kirkjuhvoli á sumrin á meðan ég var í menntaskóla og áhuginn kviknaði,“ segir hún og bætir við að henni hafi þótt sérstaklega áhugavert að reyna að rjúfa félagslega einangrun eldra fólks en



slíkt er algengt vandamál, ekki síst á meðal þess sem ekki býr á hjúkrunarheimilum, ekki síst í dreifbýli. „Þegar ég flutti í bæinn fór ég að vinna á Hagstofunni við úthringingar. Það þótti mér mjög leiðinlegt en það skemmtilegasta var þó að hringja í gamalt fólk sem naut þess að fá símtal. Ég áttaði mig þá á því að mér þótti skemmtilegast að vinna með gömlu fólki og fór að vinna á hjúkrunarheimili hér í Reykjavík,“ segir hún en viðurkennir að sér hafi þótt aðstæður eldra fólks á hjúkrunarheimilum í Reykjavík erfiðari en hún hafði séð á Hvolsvelli. Starfsmannavelta sé þar mjög mikil og ekki jafn mikið svigrúm fyrir starfsfólk að sýna frumkvæði og koma með tillögur að úrbótum í starfinu. „Ég vil fjölbreyttari lausnir fyrir aldraða og að það sé séð til þess að fólk geti helgað sig umönnunarstarfinu, svo það haldist lengur og öðlast dýpri reynslu og færni.“

Kviðavaldandi að hugsa um framgang sjúkdómsins

Blinda kemur fram á mismunandi hátt og segir Unnur að sjúkdómur bróður hennar hafi þróast mun hraðar en hjá henni. „Þetta er kviðavaldandi en ég reyni þess vegna að gera eins mikið og ég get áður en þetta skellur alveg á. Ekki það að fólk geti ekki lifað innihaldsríku og góðu lífi með enn meiri sjónskerðingu en ég er með nú þegar,“ segir hún og útskýrir því næst að vegna þess að hún viti að þróun sjúkdómsins sé yfirvofandi hafi hún ávallt reynt að hafa hraðar hendur í öllum verkefnum.

„Ég viðurkenni að stundum er ég samt haldin örökréttum kvíða líka. Ég veit að það verður mikil áskorun að eignast barn og koma því á leikskóla, sækja það og þekkja það ekki í



